

25. 02. 2021

ÁRSSKÝRSLA HRAUNBÚA

Í skýrslunni er farið yfir skátastarf Hraunbúa árið 2020



Efnisyfirlit

Ávarp félagsforingja	2
Stjórn Hraunbúa 2020 – 2021 og aðrar nefndir	3
Skýrsla stjórnar	3
Starfsmenn Hraunbúa	3
Samstarf við Hjalla	4
Húsnæði og viðhald	4
Salurinn	4
Viðburðir	4
Umbun foringjaráðs	4
Skátaþing	5
Kynningarmánuður	5
Skýrsla Útílfsskólans	5
Skýrsla Ferðbúans	5
Skýrslur skátasveita	7
Árgjald	7
Drekaskátar	7
Fálkaskátar	8
Dróttaskátar	8
Tölvuálfar	8
Skálanefnd	9

Ávarp félagsforingja

Ágætu Hraunbúar, þegar ég settist niður til að skrifa þetta ávarp las ég yfir ávarpið sem ég skrifaði fyrir síðasta ár, ekki bara til að veita mér innblástur heldur líka til að fara yfir áherslur síðasta árs og vonir mínar/félagsins til þessa árs. Ekki hefði mig grunað fyrir ári síðan hvernig 2020 átti eftir að verða.

Snemma árs varð þó orðið ljóst að 2020 yrði skrifað í sögubækur. Starfið byrjaði með hefðbundnum hætti en strax í febrúar/mars þurftum við að breyta starfsháttum skátanna, fundir voru felldir niður nokkrar vikur í senn og allir héldu í vonina, að eftir þessar aðgerðir gætum við byrjað starfið á fullu á ný, sú varð ekki raunin. Vormóti var aflýst í fyrsta sinn í áraradír, ákvörðun sem var ekki auðveld fyrir félagið en óhjákvæmileg samt sem áður. Landsmóti skáta á Akureyri var einnig aflýst.

Í mars fórum við með foringjaráð og stjórn til Akureyrar í skíðaferð, skátafélagið Klakkur lánaði okkur skátaheimilið sitt fyrir gistiþláss og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Þegar fór að vora fylltist landinn bjartsýni og var faraldurinn í lágmarki, við fengum að halda Útilífsskólann án takmarkana, Sandra Björk Bragadóttir var ráðin inn sem skólastjóri ásamt Sigrúnu Maggý Haraldsdóttur. Útilífsskólinn var vel sóttur og allar vikur fullar og gott betur. Mikil áhersla var lögð á útiveru og hjólatúra um bæinn og nágrenni Hvaleyrarvatns og þökkum við St. Georgsgildinu kærlega fyrir gott samstarf varðandi Skátalund.

Við fórum varlega af stað með skátastarf um haustið, ákveðið var að halda ekki kynningardag en bjóða nýjum skátum að prófa allan septembermánuð án endurgjalds, þrátt fyrir allt þá var metaðsókn í allar sveitir, þá sérstaklega Drekaskáta en margir byrjuðu eftir að hafa verið á sumarnámskeiði í Útilífsskólanum. Fljótlega fór ástandið í samfélaginu að versna og við þurftum í auknu mæli að draga úr starfsemi í Hraunbyrgi. Skátafundir voru fluttir á internetið, annaðhvort í rauntíma eða sem heimaverkefni. Margir voru hræddir um að aðsókn í skátana myndi minnka en sem betur fer höfum við ekki fundið fyrir því, ennþá er frábær mæting í allar sveitir. Þetta sýnir það og sannar hvað við erum heppin með foringja og eiga þau, öll sem eitt, mikið hrós skilið fyrir útsjónarsemi og frábært skátastarf í heimsfaraldri.

Snemma á árinu fengum við fyrirspurn frá barnaskóla Hjallastefnunnar varðandi leigu á nokkrum rýmum í Hraunbyrgi undir kennslustofur. Gengið var til samninga til eins árs og hefur samstarfið gengið ágætlega, eðlilega er margt sem þurfti að slípa saman þegar svo ólíkir hópar ganga um sameiginleg rými en í dag er samstarfið orðið mjög gott.

Nú þegar ég lít til baka er mér efst í huga hvað félagið er ótrúlega heppið með mannskap. Með mikilli samvinnu hefur okkur tekist að bjóða frábært skátastarf á marga mismunandi vegu, hvort sem er í eigin persónu eða á netinu. Kæru foringjar og aðrir sjálfboðaliðar, takk fyrir allt, félagið væri ekkert án ykkar!

Bjarni Freyr Þórðarson

Félagsforingi.

Stjórn Hraunbúa 2020 – 2021 og aðrar nefndir

Á aðalfundi Hraunbúa 2020 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Félagsforingi: Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagsforingi: Ásrún Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Kári Aðalsteinsson

Ritari: Harpa Kolbeinsdóttir

Meðstjórnendur: Eypór Orri Óskarsson, Guðrún Stefánsdóttir og Alma Pálsdóttir

Varamenn: Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

Aðrar nefndir:

Heiðursmerkjanefnd: Una Guðlaug Sveinsdóttir og Sigurjón M. Ólafsson

Skálanefnd: Guðmundur Sigurðsson, Sigurjón M. Ólafsson og Kristján Ingi Þórðarson

Tölvunefnd: Bjarni Freyr Þórðarson og Guðvarður B. F. Ólafsson

Minjanefnd: Ásgeir Ólafsson, Guðvarður B. F. Ólafsson, Ólafur Proppé og Sigurður Baldvinsson

Laganefnd: Heiður Ýr Guðjónsdóttir, Jón Þór Gunnarsson og Ingólfur Már Grímsson

Skoðunarmenn reikninga: Elfa Björg Aradóttir og Örn Tryggvi Johnsen

Uppstillinganefnd: Harpa Hrönn Grétarsdóttir, Guðni Gíslason og Kristján Ingi Þórðarson

Skýrsla stjórnar

Stjórn Hraunbúa fundaði að jafnaði annan hvern miðvikudag á starfsárinu eða 17 sinnum og voru fundirnir yfirleitt um tvær klukkustundir. Vegna sóttvarnarráðstafana í kjölfar kórónufaraldursins voru 6 stjórnarfundir rafrænir og haldnir í gegnum google meet. Mæting á stjórnarfundum var nokkuð góð en Alma Pálsdóttir tók ekki þátt í stjórnarstarfi og þurfti að kalla til Guðmund Sigurðsson í hennar stað. Guðmundur kom þó ekki inn fyrir en í desember. Kórónufaraldur og samkomubönn settu mark sitt á skátastarfið þetta árið og voru allir stærri atburðir felldir niður eða þeim frestað. Skátastarf féll alveg niður frá miðjum mars og fram í byrjun maí og aftur frá byrjum október og til loka nóvember.

Starfsmenn Hraunbúa

Guðrún Ásta gengdi stöðu rekstarstjóra Hraunbúa árið 2020. Í byrjun árs auglýsti félagið eftir rekstrarstjóra Ferðbúans til þess að undirbúa og sinna sumrinu og fengum við margar umsóknir og byrjuðum að ræða við umsækjendur. Þegar ástandið hríðversnaði í mars var

ákveðið að fresta öllum ráðningum og bíða og sjá hvernig kórónufaraldurinn myndi þróast. Þegar ljóst var að sumarið myndi verða háð sóttvarnartakmörkunum og færri ferðamenn gætu heimsótt landið var ákveðið að hætta við að ráða inn fyrir Ferðbúann og bætti Guðrún Ásta rekstri Ferðbúans við sín störf.

Samstarf við Hjalla

Í maí höfðu forsvarsmenn Hjallastefnunnar samband við stjórn og vildu kanna möguleika á að leigja hluta af Hraunbyrgi undir skólastarf skólaárið 2020-2021. Viðræðurnar skiluðu þeim árangri að barnaskóli Hjallastefnunnar fékk til leigu stóran hluta skátavængsins auk þess að fá aðgang að salnum og eldhúsi eftir samkomulagi. Vaskur hópur Hraunbúa lagaði til, flutti og breytti húsnæðinu um miðjan ágúst til þess að Hjallastefnan gæti flutt inn og skátarnir hafið skátastarf í farfuglaálmunni. Samstarfið hefur gengið vel í vetur.

Húsnæði og viðhald

Á árinu var farið í viðhald á húsnæði. Gluggar og hurðir voru málaðar að utan og gert við þakrennur. Í skemmum var gólfið málað og settir upp ofnar. Í byrjun árs 2021 voru keypt ný ljós í Hraunbyrgi (fyrir utan herbergi) og búið er að setja þau upp. Einnig var fjárfest í nýjum skjávarpa og tjaldi fyrir salinn.

Salurinn

Salurinn var lítið notaður í veislur þetta árið. Hafnarfjarðarbær nýtti salinn töluvert fyrir fundi og annað á dagvinnutíma. Hjallastefnan notaði salinn mikið í skólastarfinu og yfir sumartímamann nýttist salurinn vel í útilífskólanum. Einnig var salurinn vel nýttur í skátastarfinu.

Viðburðir

Vegna kórónuveirufaraldursins var lítið um viðburði þetta árið. Vormóti og félagsútilegu var aflýst, Landsmóti var frestað og hátíðahöld á dögum eins og Sumardeginum fyrsta og 17. júní féllu niður.

Verndum þau námskeið

Nokkrir foringjar og stjórnarmenn fóru í byrjun árs 2020 á námskeiðið Verndum þau þar sem fjallað er um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum.

Umbun foringjaráðs

Til að þakka foringjum fyrir vel unnin störf var farið í skíðaferðalag helgina 6. – 8. mars. 16 foringjar fóru norður á Akureyri á skíði og gistu í skátaheimilinu hjá félögum okkar í skátafélaginu Klakki.

Skátaping

Fjórir Hraunbúar tóku þátt í rafrænu skátapingi 31. okt. 2020. Bjarni og Ásrún tóku þátt fyrir hönd stjórnar og Sandra Björk og Kristján Ingi fyrir hönd foringjaráðs. Tæknilegir örðugleikar settu mark sitt á þingið en það tókst að afgreiða öll mál.

Kynningarmánuður

Þetta árið var ákveðið að sleppa því að hafa einn dag til að kynna starfið og bjóða þess í stað uppá kynningarfundum í september þar sem börnum bauðst að prófa skátastarf frítt í einn mánuð. Við lögðum okkur fram um að hafa góðar upplýsingar um starfið á heimasíðunni og á facebook síðu félagsins þar sem foreldrar gátu lítið sem ekkert komið inn í skátaheimilið og spjallað við foringja. Kynningarmánuðurinn skilaði góðum árangri og starfið hófst af miklum krafti í september með mörgum nýjum andlitum.

Skýrsla Útilífsskólans

Það má segja að það hafi verið metaðsókn í Útilífsskólann síðastliðið sumar. Öll námskeiðin voru full og biðlistar á flestum. Dagskráin þótti mjög skemmtileg og fjölbreytt. Lögð var áhersla á útivist og ævintýri. Starfsmenn Útilífsskólans voru 24, 18 vinnuskólaliðar og 6 starfsmenn eldri en 18 ára. Alls sóttu 150 börn Útilífsskólann þetta sumarið. Það sem stóð uppúr var: Skvettukeppni útilífsskólans, útilegan og capture the flag. Þetta árið var Útilífsskólinn leiddur af Sigrúnu Maggý Haraldsdóttur, aðstoðarskólastjóra og Söndru Björk Bragadóttur skólastjóra. Útilífsskólinn gekk mjög vel og starfsmenn, foreldrar og börn voru mjög ánægð með námskeiðin.

F.h. Útilífsskólans

Sandra Björk Bragadóttir

Skýrsla Ferðbúans

Í lok árs 2019 tók til starfa ný stjórn Ferðbúans og eftir nokkra skipulagsfundum og í samráði við starfsmann var ákveðið að fara í endurskipulagningu á rekstri og rekstrarformi. Ákveðið var í samráði við þáverandi/núverandi starfsmann að hún myndi færa sig til í starfi og ráðin yrði rekstrarstjóri og viðkomandi fengi það verkefni að útfæra nýjar áherslur.

Í upphafi árs 2020 var því hafist handa við að auglýsa eftir nýjum starfsmanni og fengust mjög góðar umsóknir. Í upphafi ráðningarferlis var þó orðið ljóst að ekki yrði haldið áfram með óbreyttum hætti vegna heimsfaraldurs Covid-19 sem setti öll áform í frost og að lokum ljóst að árið yrði á engan hátt eins og lagt hafði verði upp með. Starfsemi hússins var

einfaldlega lokað. Þeir hópar sem áttu bókað afbókuðu eðlilega komu sína og á engan hátt var ljóst hvað tíminn myndi bera í skauti sér.

Þar sem vel gekk að ná góðum tókum á faraldrinum hér heima á vormánuðum gætti mikillar bjartsýnni fyrir sumarið og ljóst að hægt yrði að opna a.m.k. tjaldsvæðið sem og gert var. Aðsókn á tjaldsvæðið bar þó merki ástandsins þetta árið eins og margt annað. Erlendir ferðamenn sem hafa verið megin uppistaða gesta vantaði nánast alveg og því ekki eins góð nýting á svæðinu eins og fyrri sumur. Töluverð fjölgun var þó í hópi íslenskra gesta sem var ánægjulegt þó ekki hafi það bætt upp fyrir fækkun erlendra gesta.

Á vormánuðum barst stjórn erindi frá barnaskóla Hjallastefnunar með ósk um leigu á rými undir hluta af þeirra starfsemi þar sem húsnæði skólans er orðið of lítið og ljóst að ekki væri hægt að bregðast við t.d. með stækkun í tæka tíð fyrir næstu önn.

Stjórn samþykkti að ganga til samninga við Hjallastefnu með það að leiðarljósi að rekstrargrundvöllur og tekjumöguleikar ársins væru í besta falli verulega takmarkaðir og áframhaldandi óvissa líkleg, en þó eingöngu að því gefnu að stjórn Hraunbúa samþykkti fyrir sitt leiti og að hægt yrði að finna úrlausn aðstæðna á þann hátt að leigan kæmi á engan hátt niður á skátastarfi. Leigusamningur var svo gerður til eins árs.

Á árinu var farið í nokkrar framkvæmdir. Gluggar voru málaðir að utan ásamt öðru tréverki. Farið var í miklar endurbætur á aðstöðu í skemmuni, settir upp ofnar, gólf málað og ný innrétting undir glugga. Gert er ráð fyrir að farið verði í viðgerðir á þaki, endar málaðir og skipt um ljós innan dyra.

F.h. Ferðbúans

Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir

Formaður stjórnar

Skýrslur skátasveita

Hér á eftir eru skýrslur skátasveita en skátastarf í bænum hefur verið í góðum höndum þetta starfsár.

Árgjald

Árgjald fyrir starfsárið 2020 – 2021 var óbreytt eða 32.000 kr. fyrir dreka- og fálkaskáta, 36.000 kr. fyrir dróttskáta og 14.000 kr. fyrir rekka- og róverskáta. Hafnarfjarðarbær styrkir börn bæjarins í æskulýðsstarfi eins og undanfarin ár og þurfa foreldrar að sækja niðurgreiðslur í gegnum heimasíðu bæjarins.

Drekaskátar

Foringjar Drekaskáta í vor voru Harpa Hrönn Grétarsdóttir og Brynhildur Hafsteinsdóttir, aðstoðarforingjar voru Laufey Matthildur Friðriksdóttir, Andrés Blær Oddsson og Guðni Hannesson ásamt Sigrúnu Maggý Haraldsdóttur sem var okkur til aðstoðar. Í haust urðu breytingar á foringjahópnum, Brynhildur Hafsteinsdóttir og Thelma Líf Sigurðardóttir tóku við sem sveitarforingjar og Laufey Matthildur Friðriksdóttir, Auður Eygló Andrésdóttir, Dagný Lind Pálsdóttir, Logi Friðriksson og Jakob Arnar Þórðarson tóku við sem aðstoðarforingjar og eins mætti Mímir Hrafn Thorlacious í nokkur skipti. Guðrún Ásta Gunnarsdóttir, starfsmaður Hraunbúa, var okkur innan handar og hjálpaði til nokkrum sinnum sem er kærkomin viðbót. Foringjateymið er einstaklega samhent og gengur samstarfið mjög vel. Drekaskátarnir voru rúmlega 20 í vor þegar hætt var fyrir sumarfrí, en megnið af hópnum færðist upp í Fálkaskáta í haust. Í haust fór starfið af stað með miklum fjölda og fór fjöldi á fundum allt upp í tæplega 30 krakka en nú eru um 20 krakkar skráðir.

Fundir eru haldnir einu sinni í viku í klukkutíma í senn. Fundartími er á fimmtudögum kl. 17-18. Dagskrá fundanna var auglýst á facebook síðu hópsins, en við höfum verið að færa okkur alfarið yfir á Sportabler.

Það sem hefur verið brallað er ýmislegt; snjóþotufundir, súrningar, kanó á Víðistaðatjörn, tálgað, hjólað, ratleikir og margt fleira spennandi. Í mars fórum við á Drekaskátadaginn sem Kópar héldu þetta árið, en Drekaskátamótinu var frestað um ár vegna Covid.

Covid setti mark sitt á dagskrá hjá okkur. Í vor nýttum við okkur facebook live og foringjarnir skiptust á að koma í mynd og gerðu hin ýmsu verkefni heima og svo sendu krakkarnir (foreldrarnir) okkur myndir af sér, ýmist með systkynum eða öðrum heimilsmeðlimum, að leysa verkefni sem voru af ýmsum toga, allt frá því að reysa (búa til) tjald inni í stofu yfir í hin ýmsu vísindaverkefni, þetta vakti mikla gleði og hélt okkur í góðu sambandi við hópinn. Eins nýttum við okkur Stuðkví BÍS bæði í vor og aftur í haust. Í haust varð nánast algjör endurnýjun á skátahópnum, en tvær dömur héldu áfram en hinir færðust upp í fálkaskáta, en það er fjörugur hópur sem

kom inn, meirihlutinn eru drengir. Þetta er fjörugur og skemmtilegur hópur sem nýtur þess að fá krefjandi verkefni.

Vonandi tekst okkur að halda áfram að bjóða þeim uppá gott og krefjandi starf það sem eftir er af vetrinum. Brynhildur, Harpa, Thelma, Laufey, Guðni, Andrés, Auður, Dagný, Logi, Jakob og Mímir.

Fálkaskátar

Foringjar fálkaskáta á vorönn 2020 voru Unnur, Thelma Karen, Laufey og Daníel. Á haustönninni 2020 voru foringjarnir: Thelma Karen og Daníel sveitarforingjar og Laufey, Ágúst, Jakob, Guðni, Sara, Kjartan og Gunnsteinn. Yfir árið störfuðu um 15-20 krakkar og fundir voru haldnir á mánudögum frá 17:00 til 18:30.

Áhrif Covid 19: Vegna Covid þurftum við að fella niður fundarstarf í lok vorannar og aðeins um miðja haustönn. Til að bæta það upp héldum við sumarstarf ásamt dróttskátum. Þeir fundir voru haldnir aðra hverja viku á mánudögum kl. 18 - 21/22.

Þegar skátastarfið byrjaði aftur eftir bylguna á haustönn minnkaði mæting aðeins.

Markmið fálkaskáta er að hafa gaman, fara í fleiri útilegur og að krakkarnir geti búið til sína eigin dagskrá og fylgt henni.

Dróttskátar

Foringjar dróttskáta þetta starfsárið voru: Kristján Ingi Þórðarson, Sandra Björk Bragadóttir, Sindri Friðriksson, Harpa Hrönn Grétarsdóttir og Erna Mjöll Grétarsdóttir. Þrátt fyrir óhefðbundið starfsár gekk starfið mjög vel. Ekki náðist að fara í eins margar ferðir og við vildum en erum markvist að vinna úr því. Markmiðin okkar fyrir þessar annir hefur verið að bæta sjálfstæði og vinna að því að krakkarnir gætu séð um fundina nánast sjálf. Fyrir sumarið notuðum við dagskráhringinn sem skipulag. Þá vorum við með ákveðið þema fyrir hvern mánuð og unnum við verkefni tengd þeim og krakkarnir fengu alfarið að sjá um þessi þemu.

Haustönnin byrjaði með trompi, skelltum okkur í tjaldútliegu í byrjun starfsins. Útilegan fór fram við Skátalund við Hvaleyravatn. Góð mæting og krakkarnir kynntust hvert öðru. Við nýttum haustið í útiveru og útivist og fórum í sund á einum fundinum. Við höfðum háleitar hugmyndir fyrir veturinn en covid setti strik í reikninginn. Við vorum þó með nokkra fjarfundi í fundarbanninu sem að voru mis vel sóttir. Eftir fundabann náðum við fjórum fundum; leikir, vísindi, búnaður og jólafundur.

Í Dróttskátum eru rúmlega 20 öflugir skátar sem að mæta vel á fundi og eru áhugasamir um starfið. Framtíðin er björt.

Tölvuálfar

Tölvuálfar er nefnd sem starfar innan Hraunbúa og sér um rekstur og viðhald á tölvu og símaþætti í Hraunbyrgi. Í nefndinni eru Bjarni Freyr Þórðarson og Guðvarður Björgvin

Fannberg Ólafsson. Á árinu skiptum við út einni tölvu félagsins sem keyrir aðgangsstýringu hússins. Þegar hausta fór voru skátafundir færðir á netið í auknu mæli og Rekka/Róversveit félagsins stofnaði tölvuleikjasveit Hraunbúa, var þá settur upp Minecraft server á vegum félagsins sem er ennþá mikið nýttur. Ennþá er ekkert á áætlun hjá nefndinni annað en eðlilegt viðhald eftir þörfum.

Skálanefnd

Skálanefnd þetta starfsárið skipuðu: Guðmundur Sigurðsson, Kristján Ingi Þórðarson og Sigurjón Ólafsson. Starf skálanefndar hefur verið með hefðbundnu sniði síðasta starfsár. Farið hafa verið hefðbundnar eftirlitsferðir á svæðið en einnig aukaferðir eftir stóran jarðskjálfta á svæðinu en ekkert tjón varð eftir þá. Ekki var farið í neina skipulagða viðhaldaferð vegna Covid 19, en stefnan tekin næsta sumar. Leigur á skálanum voru frekar fáar þetta árið eða 4 talsins en fyrirspurnir með áhuga um leigu hafa verið þó nokkrar, bæði frá skátafélögum og göngufólki sem hugar að ferðum á svæðinu næsta sumar.